

LENGI BÝR AÐ FYRSTU GERÐ

Kennsluleiðbeiningar
fyrir leikskólastarf með 1 – 3 ára börnum



Flugvél eftir Matthías Loga Nesheim 2 ára



2006

Guðrún Alda Harðardóttir
Sigríður Síta Pétursdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hvað og hvernig var unnið	5
Kennsluleiðbeiningar	8
Aðlögun.....	9
Kyn barna.....	17
Dagleg umönnun.....	18
Máltaka	22
Námsumhverfi.....	26
Að lokum	30
Heimilda- og bókalisti.....	31

Inngangur

Skólastarfi með yngstu börnum leikskólans hefur löngum verið lítill gaumur gefinn, en sjónum frekar verið beint að elsta árgangi leikskólans. Þessu má líkja við að lögð sé höfuðáhersla á 10. bekk grunnskólans án þess að huga að undirstöðunni.

Verkefnið „Lengi býr að fyrstu gerð“, sem hér verður gerð grein fyrir var unnið árin 2005-2006 fyrir styrk frá Þróunarsjóði leikskóla og Háskólanum á Akureyri. Það var unnið í samvinnu við leikskólana; Álfaheiði og Furugrund í Kópavogi og Naustatjörn og Iðavöll á Akureyri en í þessum leikskólum býr starfsfólk að mikilli reynslu af starfi með ungum börnum.

Skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri, annaðist reikningshald vegna verkefnisins. Verkefnisstjórn var í höndum sérfræðings við skólaþróunarsviðið og lektors kennaradeildar Háskólans á Akureyri. Þeir önnuðust jafnframt fræðilega uppbyggingu verkefnisins og veittu starfsfólki leikskólanna sem þátt tóku í því faglega ráðgjöf á vettvangi.

Fræðilegur grunnur verkefnisins var einkum sóttur til Elinor Goldschmied og Soniu Jackson (1994), Lellu Gandini (2001), Margaretar Mahler (1975), Maritu Lindahl (1998) og William Damon (1988). Öll hafa þau um nokkurra ára skeið rannsakað þekkingarleiðir ungra barna og samspil þeirra við fullorðna. Skrif Marianne Brodin og Ingrid Hylander (1999) um kenningar Daniel Sterns um starf í leikskóla voru einnig höfð til hliðsjónar.

Á fyrstu tveimur árum í lífi barns lærir það á samhengi milli þess sjálfs og umhverfisins, auk þess sem það uppgötvar nýjar aðferðir við lausnir viðfangsefna. Tilraunir með sífelldar endurtekningar verða vinsælar og mikilvægar í lærdómsferlinu. Hreyfa hluti, smakka, snerta, sveifla, máta, snúa, henda, allt eru þetta tilraunir og rannsóknir barnsins á eðli hluta og samhengi þeirra við umhverfi sitt.

Börn á aldrinum eins til þriggja ára eru að stíga fyrstu skref sín í veröld sem felur í sér óþrjótandi undrunarefni og nýjungar. Leikskóladvöl getur boðið upp á ótalmarga þroskamöguleika og það er þeirra, sem vinna í leikskólanum að aðstoða barnið við að nýta þroskakosti sína sem best.

Markmið

Markmið verkefnisins var að nýta reynslu leikskólanna til að hanna kennsluleiðbeiningar fyrir yngsta stig leikskólans, og styðja þær fræðilegum rökum. Tilgangurinn með að fá leikskóla í tveimur landshlutum til þátttöku í verkefninu var að auka fjölbreytni og fá sem flest sjónarhorn og efnivið í verkefnið. Það felur þó ekki í sér neinn samanburð á þessum leikskólum.

Kennsluleiðbeiningunum er ætlað að gera leikskólastarf yngstu barnanna sýnilegra og varpa ljósi á þær kennsluaðferðir sem reyndir leikskólakennarar þeirra beita.

Nám yngstu barnanna hefur stundum verið kallað þögl þekking. Skráningar á því hvernig börn á yngri deildum leikskólans nálgast viðfangsefni sín og með hvaða hætti leikskólakennari örvar og styður við námsferli barna, setur hins vegar orð á þessa þöglu þekkingu og gerir fleirum fært að ná hámarks árangri í starfi sem kennari ungra barna.

Í verkefninu var lögð megináhersla á fjóra þætti:

- ❖ aðlögun barna að leikskólastarfinu
- ❖ daglega umönnun ungra barna
- ❖ eflingu málþroska ungra barna
- ❖ nýtingu innra og ytra umhverfis



Hvað og hvernig var unnið

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir framvindu þróunarverkefnisins.

Vefsvæði verkefnis stofnað

Undirbúningur verkefnisins hófst í maí 2005 og eitt af fyrstu verkunum voru fundir verkefnisstjóra með starfsfólki leikskólanna sem ætluðu að taka þátt í verkefninu. Á vegum Háskólans á Akureyri var opnað vefsvæði á WebCT fyrir þátttakendur verkefnisins. Á vefsvæðinu var að finna bókalista, lesefni o.fl.. Þar gátu þátttakendur enn fremur skipst á skoðunum, miðlað efni og fengið upplýsingar.

Námstefna

Þann 7. maí 2005 var haldin námstefna á vegum skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri. Þar var sérstaklega fjallað um leikskólastarf með yngstu börnunum en fyrirlesarar voru tveir sænskir leikskólakennarar. Tveir þátttakendur verkefnisins sóttu námstefnuna og var kostnaður vegna þess greiddur af styrk þróunarverkefnisins.

Sameiginlegur fundur

Allir þátttakendur í verkefninu hittust þann 10. júní 2005 á Gauksmýri í Húnavatnssýslu. Fulltrúi hvers leikskóla gerði þar grein fyrir starfinu í leikskólanum og aðkomu hans að verkefninu. Það sem fólk óttaðist helst að gæti hindrað framgang verkefnisins var tímaskortur, undirmönnun, tækjaskortur í sumum leikskólunum, óvænt atvik innan leikskólans, veikindi starfsfólks, kunnáttuleysi á WebCT og skortur á kunnáttu í gerð skráninga. Enn fremur var rætt um framkvæmd og hagnýtar upplýsingar. Þá voru lagðar línur um samræmingu milli leikskólanna, til dæmis val þeirra á áherslupætti að vinna með. Niðurstaðan af því vali varð eftirfarandi:

- ❖ Álfheiði valdi að vinna með aðlögun barna að leikskólastarfinu.
- ❖ Furugrund valdi að vinna með eflingu málþroska barna.
- ❖ Iðavöllur valdi að vinna með daglega umönnun barna.
- ❖ Naustatjörn valdi að vinna með nýtingu innra og ytra umhverfis.

Sérstakur samningur var gerður við hvern leikskóla þar sem fram kom hlutverk hvers og eins í verkefninu, ásamt væntingum og kröfum.

Í hverjum leikskóla mynduðu kennarar yngstu barnanna vinnuhóp sem vann að öflun aukinnar þekkingar um efnið og ígrundaði eigið starf. Þessir hópar sáu einnig um að safna gögnum hver með sínum barnahóp.

Kennarar unnu bæði hver fyrir sig og saman að gagnasöfnun, til að mynda með því að taka starfið upp á myndband og einnig voru ljósmyndir notaðar til að skoða starfið. Verkefnisstjórar héldu fundi í einstökum leikskólum allt eftir óskum og þörfum starfsmanna skólanna.

Fjarfundur

Í byrjun janúar 2006 var farið yfir stöðu verkefnisins á sameiginlegum fundi sem sendur var út í fjarfundarbúnaði; norðankonur sátu í húsnæði kennaradeildar Háskólans á Akureyri þar í bæ og Kópavogskonur sátu í húsnæði símenntunarmiðstöðvarinnar í Hafnarfirði.

Gagnasöfnun

Margvíslegar aðferðir voru notaðar við gagnasöfnun vegna verkefnisins. Einn leikskólinn notaði mest segulbandsskráningar, ljósmyndir voru notaðar í tveimur leikskólum og tveir leikskólar notuðu bæði ljósmyndir og myndbönd. Í einum skólanum var myndbandsvél inntalsvert notuð, ýmist látnar ganga eða þá að ákveðnar stundir voru teknar upp. Verkefnisstjórar heimsóttu leikskólana og tóku viðtöl við þátttakendur.

Lok verkefnisins - ráðstefna á Akureyri

Þróunarverkefninu lauk formlega með ráðstefnu sem haldin var þann 23. september 2006 á Akureyri. Skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri stóð fyrir ráðstefnunni sem fjallaði um nám og starf yngstu barnanna í leikskólanum með sérstaka áherslu á stærðfræði. Á ráðstefnunni gerðu þrír af fjórum leikskólum sem þátt tóku í verkefninu grein fyrir þeim þætti sem þeir lögðu áherslu á.

Mat þátttakenda á verkefninu

Þátttakendur voru almennt ánægðir með verkefnið og fannst áhugavert að fá að taka þátt í því, það hafi veitt þeim nýja innsýn í starfið. Það hefur hvatt þátttakendur til að ígrunda skólastarfið frá nýju sjónarhorni, eða eins og tveir orða þetta: „skemmtilegt að staldra við og skoða starfsaðferðir sínar“, „að fá tækifæri til að skoða þetta smáa sem maður kom ekki auga á áður“.

Að mati leikskólakennaranna skilaði verkefnið sér vel inn í starf leikskólanna og notuðu sumir þeirra það til að endurmeta starfið innan skólans. Þeir sögðu jafnframt að verkefnið hefði auðveldað þeim að líta gagnrýnum augum á eigið starfið á uppbyggjandi hátt.

Umræðuvefurinn á netinu þótti góður en fram kom að þátttakendur hefðu mátt skrifa meira, það er að fleiri hefðu mátt leggja eitthvað til málanna. Miðlægur umræðuvefur getur nýst sem tækifæri til að fá innsýn í starf annarra og draga af því lærdóm, en til að nýta það til fulls þurfa sem flestir að taka þátt í umræðunum. Vefur sem þessi er auðlind sem var ekki nógu vel nýtt, að hluta til vegna mismunandi tæknilegra aðstæðna í leikskólunum, þó svo að tæknimálin hafi batnað meðan á verkefninu stóð.

Hafa þarf í huga við hönnun á umræðuvef að hann sé einfaldur, flokkun á umræðuþráðum þarf að vera skýr og einföld. Þátttakendur töluðu um að oft væri erfitt að svara skrifum einhvers sem maður þekkti lítið til og hefði ekki séð. Myndir af þátttakendum sem birtast með umræðuþræði, gætu hins vegar liðkað fyrir skrifum.

Umræðurnar glæddust aðeins eftir áramót eftir að þátttakendur höfðu hist í gegnum fjarfundabúnað, „þar með voru komin andlit á nöfnin“, hafði einhver á orði.

Þátttakendum fannst gott að fá verkefnisstjórana inn í skólana til umræðna, það veitti öryggi og gerði umræðuna markvissari. Góð reynsla var af því að gera grein fyrir verkefninu á starfsmannafundum leikskólanna, þannig urðu fleiri meðvitaðir um það innan skólanna. Verkefnisstjórnarnir eru ánægðir með verkið, verkefnavinnan gekk vel og ánægjulegt að vinna með leikskólakennurunum. Það er ómetanlegt fyrir háskólakennara að fá tækifæri til að kynnast grunnstarfi leikskólans með þessum hætti.

Kennsluleiðbeiningar

Hér verða kynntar leiðbeiningar sem gott er að hafa í huga í leikskólastarfi með ungum börnum. Þær eru ekki hugsaðar sem forskrift heldur sem stuðningur eða kveikja að útfærslu hvers leikskóla eða leikskólakennara fyrir sig. Þannig getur hver og einn nýtt sér það sem hentar hverju sinni, þeim aðstæðum sem fyrir eru og notað leiðbeiningarnar sem verkfæri til að þróa eigin hugmyndir.

Sú leið var farin að hafa leiðbeiningarnar stuttar, einfaldar og skýrar; kaflaskipting er eftirfarandi: aðlögun, kyn barna, dagleg umönnun, máltaka og námsumhverfi.



Aðlögun

Að hefja skólagöngu felur í sér umtalsverðar breytingar í lífi einstaklinga, því yngri sem þeir eru því mikilvægara er að huga vel að því hvernig staðið er að fyrstu dögnum, sem í leikskólanum eru oft kallaðir aðlögun. Fyrstu dagar barnsins í leikskólanum þurfa að einkennast af trausti og öryggi, trausti á að brugðist sé við þörfum barnsins. Þessir upphafsdagar leikskólagöngunnar hafa sterk áhrif á mótun sjálfsmýndar barnsins og hvernig það skapar önnur tengsl (Broström, 2003).

Hér verða dregin fram helstu atriði um aðlögun barna í leikskóla, sem fram komu í verkefnavinnunni. Eins og fram hefur komið skiptu leikskólarnir, sem þátt tóku í verkefninu með sér verkum.

Í leikskólanum sem skoðaði aðlögunina sérstaklega fylgdust leikskólakennarar með og skráðu niður aðlögun 15 barna á aldrinum eins til tveggja ára. Byggist umfjöllunin hér á þeirri vinnu ásamt viðtölum sem verkefnisstjórar tóku við aðra þátttakendur. Reynsla þeirra og annarra reyndra leikskólakennara af þessum þætti starfsins var jafnframt höfð til hliðsjónar.

Mikilvægi kynningarstarfs

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (1999:30) segir: „Samstarf heimilis og leikskóla hefst áður en barn byrjar í leikskóla. Leikskólastjóri og leikskólakennari skulu kynna leikskólann og starfsemi hans fyrir foreldrum. Kynna ber aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá, húsakynni, efnivið og leiksvæði. Einnig ber að kynna starfsfólk fyrir foreldrum. Foreldrar skulu einnig kynna helstu hefðum og siðum sem gilda í leikskólanum og fá upplýsingar um foreldrafélag leikskólans og starfsemi þess.“

Af þessu má ljóst vera að áður en leikskólaganga hefst á starfsfólk leikskóla að kynna leikskólastarfið fyrir foreldrum. Þessi kynning getur farið fram á margvíslegan hátt eins og með kynningarfundum fyrir nýja foreldra þar sem þeir fá upplýsingar um starfsemi skólans og hitta starfsfólk deildarinnar sem barnið fer á. Einnig er gott að kynna leikskólastarfið á heimasíðu leikskólans og/eða með opnu húsi. Þá geta börn úr leikskólanum afhent nýju fjölskyldunni blað með upplýsingum og/eða að starfsfólk heimsæki fjölskylduna.

Aðlögun foreldra

Hafa þarf í huga þegar barn hefur leikskólagöngu að yfirleitt hefur það í för með sér miklar breytingar fyrir foreldra þess. Fram kom við vinnslu verkefnisins að stundum þarf að taka foreldrana í sérstaka einstaklingsmiðaða aðlögun.

Upplýsingaflæði til þeirra er því sérlega mikilvægt meðan á aðlögunartímanum stendur. Þeir þurfa fyrst að fá upplýsingar um það hvernig aðlöguninni skuli hagað og síðan hvernig hún gengur eftir að hún hefst.

Í sumum leikskólum notar starfsfólk tölvupóst til að senda upplýsingar og myndir til foreldra og/eða samskiptabók sín á milli, þannig að upplýsingar berist örugglega til foreldra óháð því hvaða starfsmaður talar við foreldrið.

Hjá einum þátttakanda í verkefninu kom fram að hún sendi gjarnan SMS skilaboð til foreldris um liðan barnsins, sérstaklega ef barnið grét þegar foreldrið kvaddi það. Stutt skilaboð um að allt gangi vel geta veitt foreldri ómælda ánægju og öryggi.

Foreldrar eru annars hvattir til að staldra ávallt við stutta stund þegar komið er með barnið í leikskólann en kveðja það síðan nokkuð ákveðið og fara.

Samstarf við foreldra

Nauðsynlegt er að foreldrar kynnist leikskólastarfinu eða eins og einn þátttakanda í verkefninu sagði: „leyfa þeim að koma inn og sjá svolítið daginn hjá okkur þannig að þeir geti verið með barninu í huganum.“

Foreldrar óska oft eftir leiðbeiningum um barnauppeldi og þá er mikilvægt að leikskólinn eigi lesefni sem hægt er að ljósrita. Þannig geta leikskólakennararnir verið stoð fyrir foreldra eða eins og einn þátttakanda sagði: „börnin eru farin að vera hérna upp í átta til níu tíma á dag og við erum svo mikið með þau að mér finnst, [...] eins og ég segi alltaf við foreldra; við erum saman í þessu. [...] ég leita líka til foreldra þegar eitthvað gengur ekki vel hjá okkur og spyr hvernig þetta sé heima. Undantekningarlaust eru þeir tilbúnir að breyta einhverju heima sem þá hafði lengi langað til en ekki haft sig í, til dæmis að láta barnið hætta með bleyju. [...] þetta er náttúrulega sameiginleg ákvörðun og við finnum leiðir til að vinna að málinu.“

Samskiptatorg foreldra

Mikilvægt er að búa foreldrum nokkurs konar samskiptatorg í leikskólanum þar sem þeir geta hist formlega og óformlega. Þetta torg getur verið í ýmsum myndum, til dæmis er það í kringum körfur barnanna í einum leikskólanum. Þar hefur hvert barn eina körfu sem foreldrar sjá um að í séu bleyjur, hlutir sem fylgja barninu, auka föt og þess háttar. Karfan gegnir jafnframt hlutverki samskiptatorgs foreldra, þannig að þegar þeir koma inn á deildina til að fylla á körfu barnsins, gefa þeir sé oft tíma til að spjalla við starfsfólkið og aðra foreldra sem eru í sömu erindagjörðum.

Fjölskyldur af erlendum uppruna

Fram kom að börn sem eru af erlendu bergi brotin þurfi oft lengri tíma til aðlögunar og að taka þurfi tillit til að íslenskt leikskólastarf getur verið fjölskyldu barnsins framandi. Barnið er ekki aðeins að aðlagast nýjum aðstæðum heldur einnig nýju tungumáli, þannig að gera má ráð fyrir að bæði barnið og foreldrar þess þurfi lengri tíma til að aðlagast leikskólastarfinu. Þátttakendur þess leikskóla sem skoðaði aðlögun sérstaklega, bentu á að í þeim tilvikum sem foreldrar tala ekki íslensku sé mikilvægt að hafa túlk með í viðtölum í upphafi skólagöngu og fleiri viðtölum ef þurfa þykir.



Jafnrétti í raun

Í þeim leikskóla sem skoðaði aðlögun barnanna sérstaklega voru feðurnir jafnvirkir þátttakendur og mæðurnar. Oftast komu báðir foreldrarnir fyrst og skiptust síðan á að vera með barninu í aðlöguninni.

Reyndasta fólkið með þeim yngstu

Reynsla starfsfólks er að öllu jöfnu mikilvægur þáttur í leikskólastarfi en þátttakendur töldu hana vera hvað þýðingamesta á yngri deildum leikskóla. Þeir lýsa þessu þannig: „Það skiptir mjög miklu máli að það sé reynt fólk á yngstu deildunum“. „Það er eiginlega lykilatriðið að hafa reynslubolta á svæðinu, þetta eru fyrstu kynni barnanna af leikskóla“. „Það eru neðstu múrsteinarnir sem þurfa að vera traustir og öruggir“. „Ef fyrstu kynni af leikskólanum ganga vel, þá eru meiri líkur á að næsta aðlögun barnsins gangi einnig vel svo sem á eldri deild eða í nýjum skóla.“

Samkvæmt þessu er mikilvægast að leggja áherslu á að yngsta deild leikskóla sé vel mönnuð þegar skortur er á reyndu starfsfólki til starfa í leikskólum.

Lykilpersóna skapar öryggi

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (1999:31) segir meðal annars um aðlögun barna: „Náin tengsl við tiltekinn leikskólakennara eru mikilvæg fyrir farsæla aðlögun barnsins. Sami leikskólakennari skal því helst taka á móti barninu og foreldrum þess í upphafi leikskólagöngu og bera ábyrgð á aðlögunarferlinu“.

Hér er án efa vísað til hugmynda Goldschmied og Jackson (1994) um mikilvægi lykilpersónu fyrir barn þegar það byrjar í leikskóla, það er að barnið nái að tengjast einum aðila sem veitir því öryggi, traust og vellíðan. Með þessu er alls ekki reynt að koma í staðinn fyrir föður/móður, heldur að lykilpersónan sé viðbót við foreldrana.

Goldschmied og Jackson (1994) telja að lykilpersónuformið geti tryggt barninu betri umönnun í leikskólanum og aukið á traust milli foreldra og leikskóla.

Lykilpersóna sinnir þörfum barnsins og hefur þannig tækifæri til að kynnst barninu sem einstaklingi. Þessar þarfir eru til dæmis móttaka, bleyjuskípti, matartímar og hvíld.

Reynsla þátttakenda í verkefninu rennir stoðum undir mikilvægi þess að sami einstaklingur leiði barn og foreldra inn í leikskólastarfið við aðlögun. Í því felst ákveðið öryggi og traust að barn og foreldrar þess nái að tengjast einum kennara við upphaf leikskólagöngu barnsins.

Þjálfun í aðskilnaði

Þegar barn gengur gegnum aðlögun í leikskóla er lagður grunnur að traustu og nánu samstarfi foreldra og leikskóla. Mikilvægt er að öðlast traust foreldra og gefa þeim og barninu tíma til að átta sig á þessari nýju tilveru. Í aðlögun þarf að taka tillit til aldurs, þroska og þess að börn eru mismunandi einstaklingar.

Kenningar Bowlby (1973) og Mahler (1984) sýna að ung börn eru viðkvæm fyrir aðskilnaði frá foreldrum. Belsky (1988) sem byggir á kenningu Bowlby heldur því fram að örugg og traust samskipti barns á unga aldri við aðra, skipti sköpun fyrir allan félagsþroska þess. Of hröð eða ófullkomin aðlögun getur valdið barninu aðskilnaðarkvíða.

Mahler (1984) bendir á leiki sem geta þjálfað barnið í að ná þeim skilningi að manneskur og hlutir geta horfið og komið aftur á ný. Barnið byrjar sjálft að leika slíka leiki eins og að láta hluti detta á gólfið og fá einhvern til að rétta sér þá á ný. Leikurinn „týndur“ er einn þessara leikja og sömuleiðis að fela hluti, til dæmis með því að leggja efnisbút yfir þá og finna þá á ný. Leiki af þessu tagi ætti því að hafa í hávegum á aðlögunartíma.

Með því að fylgjast vel með hvernig aðlögun að leikskólastarfinu gengur hjá hverju barni og fjölskyldu þess, er lagður grunnur að traustu og nánu sambandi milli leikskóla og heimilis. Sjónum er beint að þörfum foreldranna og þeim upplýsingum sem skipta þá máli. Tillit er tekið til blendinna tilfinninga foreldra, gagnvart því að skilja barnið sitt eftir í leikskóla. Það er því ekki síður þýðingarmikið að ná trausti foreldra en barna frá upphafi, eða eins og þátttakendur orða það: „... það þarf að hlúa vel að bæði barninu og foreldrunum [...] ef foreldri treystir okkur ekki fyrir barninu sínu þá líður barninu ekki nógu vel [...] það er í raun undirstaðan, skiljanlega verða þeir að treysta fólki, [...] að þeir treysti manni fyrir gullmolanum sínum“.

Hér gildir sú regla að ekki er síður nauðsynlegt að taka tillit til óska foreldra en barns, það getur verið álíka erfitt fyrir foreldri að skilja barnið sitt eftir í ókunnum höndum og það er fyrir barnið að verða eftir í leikskólanum.

Sjálfsmynd barns

Ef litið er til hugmynda Mahler og Pine (1984) um mótun sjálfsmyndar barna, þá eru fyrstu æviárin mjög mikilvæg. Starfsfólk leikskóla þarf því að hafa staðgóða þekkingu í þroska ungra barna og hvernig leikskólastarfið getur stuðlað að jákvæðri og sterkri sjálfsmynd sérhvers barns. Í fyrsta samtali við foreldra þarf að fá upplýsingar um hagi barnsins áður en það hefur leikskólagöngu, en þessar upplýsingar veita kennaranum möguleika á að átta sig á því hvar barnið er statt í þroska, til dæmis hvað snertir aðskilnað frá foreldrum.

Mikilvægt er að sýna hugarangri barns við aðskilnað foreldra virðingu: „ég veit að þér finnst erfitt að segja bless við mömmu“. Þannig virðir leikskólakennarinn angur barnsins og hjálpar því um leið að skilja hvers vegna því líður svona. Með því að viðurkenna

vanlíðan barnsins og aðstoða það við að komast yfir hana, lærir barnið að það er í lagi að líða stundum illa eða vera leitt því það eru leiðir til úrbóta. Því jákvæðari sem reynsla barnsins er, því betri verða taugatengingarnar í heilanum og því meiri líkur eru á heilsteyptri sjálfsmynd (Mannig-Morton og Thorp, 2003).

Einstaklingsaðlögun/hópaðlögun

Leikskólakennarar eru ekki á einu máli um það hvort einstaklingsaðlögun eða hópaðlögun hentar börnum betur.

Þátttakendur sem skoðuðu aðlögunina sérstaklega í verkefnavinnunni töldu betur fara á því að tvö börn byrjuðu í leikskólanum samtímis en aðeins eitt, það gæfist betur bæði fyrir börnin og foreldrana. Þeir hitta þannig aðra foreldra sem standa í svipuðum sporum með barn sem er að hefja fyrstu skólagönguna og geta rætt um reynslu sína og væntingar.

Hópaðlögun kallar hins vegar á rými sem oft er af skornum skammti í íslenskum leikskólum. Engu að síður er nokkuð um að leikskólar velji þá leið, kostir hennar eru meðal annars þeir að sá tími leikskólastarfsins sem fer í aðlögun verður styttri. Gagnrýnisráddir segja aftur á móti að í viðbót við það litla rými sem leikskólar búa oftast við, þá fá börnin ekki rétta mynd af leikskólanum þegar þetta litla rými er fullt af fullorðni fólki (foreldrum). Ung börn eigi oft erfitt með að átta sig á því hvaða fullorðna andlit það er sem „verður áfram“ í leikskólanum og hverjir eru foreldrar og fara burt.

Innsæi starfsfólks

Fram kom hjá þátttakendum að við aðlögun barna í leikskóla er mjög mikilvægt að taka tillit til þess að börnin eru mismunandi einstaklingar. Starfsfólk leikskóla þarf að þjálfast sig í að „lesa“ hvaða einstakling barnið hefur að geyma, „hlusta“ eftir þörfum, löngunum og væntingum hans. Aðlögunina þarf að útfæra á mismunandi hátt eftir einstaklingum, það sem hentar einu barni vel hentar öðru ekki eins vel.

Börn ná samskiptum við fullorðna með augnsambandi, framkomu, líkamstjáningu og brosi. Áríðandi er að finna þá leið sem hentar hverju barni til að ná tengslum en sérhvert barn hefur eigin aðferðir/leiðir til að tengjast öðrum. Með þessum hætti kemur leikskólakennarinn til móts við sérhvert barn á forsendum þess sjálfs (Brodin og Hylander, 1999).

Iðulega þarf starfsfólk leikskóla að lesa í mismunandi aðstæður sem upp koma í aðlögun barna. Þá vegur þungt að um reynt starfsfólk sé að ræða. Í íslenskum leikskólum er börnum ætlað lítið rými, grátur eins barns getur truflað hin og í slíkum tilvikum þarf starfsfólk að geta lesið í aðstæðurnar og brugðist við.

Aðlögun leikskólalífsins

Þegar barn hefur leikskólagöngu þarf að skapa því tíma og rými til að kynnst daglegum venjum í leikskólanum. Þátttakendur bentu á að barnið þyrfti að kynnst dagsskipulagi leikskólans smátt og smátt, og að sérstaklega yrði hugað að því að nýja barnið lenti ekki í aðstæðum þar sem hávaði og erill skapaðist. Til dæmis gæti barnið komið inn í söngstund eftir að hin börnin eru komin inn og/eða farið áður en stundinni er lokið, allt eftir kjark og áhuga barnsins.



Tengihlutur

Ung börn bindast oft tilfinningatengslum við ákveðna persónulega hluti svo sem leikfang, koddar, bangsa eða sæng. Samkvæmt Winnicott (1984) getur barnið notað slíkan hlut sem tengingu milli heimilis/foreldra og veraldarinnar utan heimilisins. Hluturinn veitir því öryggi og verður nokkurs konar brú milli ólíkra heima.

Við aðlögun barns í leikskóla er nauðsynlegt að hafa þetta í huga og leyfa því að taka einhvern hlut með sér að heiman. Hluturinn auðveldar barninu að tengja saman heimili og skóla. Foreldrar geta líka búið til tengihluti meðan á aðlögun stendur, þannig fá þeir ákveðið hlutverk í aðlöguninni og skilja „spor“ eftir handa barninu, til dæmis brúðu, kubbabíl eða annað leikfang.

Einkunnarorð aðlögunar

Sveigjanleiki, tillitsemi og virðing er eitthvað sem starfsfólk leikskóla þarf sérstaklega að hafa í huga við aðlögun barns í leikskóla. Segja má að þetta séu nokkurs konar einkunnarorð aðlögunar. Sveigjanleiki felst til dæmis í því að sum börn þurfa að sofa tvisvar á dag meðan önnur sofa aðeins einu sinni. Ekki þarf síður að taka tillit til þarfa og skoðana foreldra. Bera virðingu fyrir fjölbreytilegu litrófi mannlífsins, taka tillit til sérþarfa eins og kostur er.

Aðlögun að rýminu

Fyrstu daga barns í leikskólanum er oft gott að laga það að litlu rými í senn, leyfa því að kynnst húsnæðinu smám saman og leikvælinum úti jafnvel ekki fyrr en á þriðja degi.

Smátt og smátt lengist dvöl barnsins í leikskólanum, þar til það er farið að vera þar fullan leikskóladag.

Þegar barn í aðlögun fer í útiveru er gott að láta það byrja í sandkassanum því þar er afmarkað rými.

Mismunandi tengsl

Í aðlöguninni þarf kennarinn að „hlusta“ eftir þörfum og væntingum hvers barns (Gandini og Margini, 2001). Tengsl barns við fólk eru mismunandi eftir því um hvaða fólk er að ræða. Hverju barni er mikilvægt að mynda bæði framtengsl, eins og við móður/föður, og annars stigs tengsl eins og við starfsfólk leikskóla (sjá meðal annars Kristín Dýrfjörð 2003).

Rannsóknir Ainsworth (meðal annars í Damon, 1988) sýna að barn sem er í öruggum tengslum við foreldra sína, á auðvelt með að fylgja reglum, treysta öðrum og njóta sín í leikskóla (Guðný Rut Ísaksen, 1998). Sterk tengsl barns við aðra fullorðna en foreldra sína treysta tengsl þess við foreldrana, en þau koma þó ekki í staðinn fyrir tengslin við foreldrana. Börn sem mynda sterk tengsl eru líklegri til að láta skoðanir sínar og tilfinningar í ljós (Goldschmied og Jackson, 1994).



Svefn- og matarvenjur

Í fyrsta foreldrasamtali fær kennarinn upplýsingar um svefn- og matarvenjur barns. Nauðsynlegt er að taka tillit til matarvenja barnsins svo og skoðana foreldra, til að mynda hvort barnið eigi ekki að drekka sæta drykki o.s.frv.

Sveigjanlegur rammi

Mikilvægt er talið að mynda ákveðinn ramma utan um þann tíma sem barnið er að aðlagast leikskólanum. Þessi rammi þarf þó að vera sveigjanlegur eða eins og einn þátttakendanna orðaði það: „hann er teygður svolítið og togaður eftir hverju barni“.

Sem dæmi um þetta má nefna að ef ákveðið hefur verið að aðlögun í leikskóla taki eina viku þá verður að liggja fyrir hvenær barnið mætir, hvað það dvelur lengi hvern dag og hvaða þáttum í leikskólastarfinu það fær að kynnast. Lengd á aðlögunartíma getur verið mismunandi. Meðan einu barni nægja fimm dagar þarf annað barn allt upp í mánuð eða tvo.

Myndaalbúm/Fjölskyldutré

Í sumum leikskólum koma börnin með myndalbúm af fjölskyldu sinni í leikskólann og er það notað til að tengja heimili og skóla. Í einum leikskólanna sem þátt tóku í verkefninu var hins vegar góð reynsla af því að gera „fjölskyldutré“, en þá koma börnin með ljósmyndir, mála síðan tré og líma myndirnar á það. Einn þátttakendanna sagði: „Þetta hefur gagnast afskaplega vel, sérstaklega ef eitthvað er að, að geta gengið að trénu og skoðað myndina af mömmu og pabba og spyrja, hvað voruð þið nú að gera í gær og svona, jafnvel ömmu og afa. Þetta hefur vakið mikla lukku í ömmu og afa kaffi og á kaffidögum því þetta er sýnilegt öllum.“

Þátttaka eldri barna í aðlögun

Góð reynsla hefur verið af því að elstu börn leikskólans taki þátt í aðlögun yngstu barnanna. Þau hafa til dæmis farið með bréf heim til þess barns sem er að byrja í leikskólanum, þar sem finna má upplýsingar um leikskólann, myndir af starfsfólki, börnum o.fl.

Þá hefur reynst vel að eldri börn á deildinni aðstoði við að taka á móti nýja barninu, oft er stutt síðan þau voru sjálf í svipuðum aðstæðum og samkennd með öðrum börnum er ungum börnum eðlislæg.

Að aðlagast nýju starfsfólki

Hér að framan hefur sérstaklega verið fjallað um aðlögun barns í leikskóla en einnig þarf að hafa í huga hvernig unnið er með aðlögun leikskólabarna að nýju starfsfólki. Einn leikskólinn sem þátt tók í verkefninu athugaði sérstaklega þessa hlið málsins.

Í ljós kom að mörg barnanna tóku nýju starfsfólki af mikilli varúð. Þau vildu ekki að nýi starfsmaðurinn sinnti sér og sögðu með augunum „er hún komin til að vera?“ Í þessu sambandi er bent á þýðingu þess að ná augnsambandi við börnin og leyfa þeim að ráða ferðinni í viðkynningunni. Það verður að leyfa þeim að koma til starfsmannsins í stað þess að hann gangi að þeim, eða eins og einn þátttakandinn orðaði þetta: „en svo fór maður að sjá svona eitt og eitt barn fara að nálgast mann svona með augngotum og einn daginn þá komu bara stór augu á móti mér og þannig náði ég til hennar og hún til mín [...] það liðu nokkrar vikur þar til þau í rauninni vildu svona vera í fanginu á mér [...] nú er miklu meira um að maður ná augnsambandi við þau og þau brosa til manns og koma og vilja vera í fanginu á manni.“

Kyn barna

Hér verður í stuttu máli fjallað um nauðsyn þess að stuðla markvisst að jafnréttishugsun frá unga aldri.



Jafnt af báðum kynjum

De Jongs (1998) hefur bent á mikilvægi þess að jafnt vægi sé milli fjölda stúlkna og drengja í barnahópi. Það skipti máli fyrir leikmynstur barnanna. Börnin leika meira saman ef kynjaskipting er jöfn og minni hætta er á að drengir verði ríkjandi í leiknum.

Aðstæðubundið „jafnrétti“

Rannsókn Månsson (2000) á leikskólastarfi eins til þriggja ára barna, sýnir að vægi samskipta kynja ræðast af aðstæðum hverju sinni. Í þeim athöfnum leikskólans sem fullorðnir stýrðu voru drengir oft ríkjandi en meira jafnrétti rékti hins vegar í athöfnum sem var aðeins að hluta til stýrt af fullorðnum. Í rannsókninni kom líka fram að í samverustundum tóku drengir oftari orðið en stúlkur. Þegar betur var að gáð voru það hins vegar ekki drengirnir sem hópur heldur einstaka drengir sem voru ríkjandi og þeir oft teknir sem fulltrúar hópsins - drengir.

Í ljósi þessa er áriðandi að í athöfnum innan leikskólans sem fullorðnir stýra, þurfa leikskólakennarar að huga sérstaklega að því að gefa stúlkum og drengjum jöfn tækifæri á að tjá sig.

Brúður með og án kynfæra

Mahler (1986) bendir á að á aldrinum átján mánaða til þriggja ára uppgötva börn kynferði sitt. Drengir fyllast þá oft stolti yfir kynfærum sínum meðan stúlkur fyllast oft öfund yfir að þær skortir kynfæri líkt og drengirnir hafa. Það getur valdið því að þær líta neikvætt á eigin líkama.

Með þetta í huga ætti að skoða dúkkur í leikskólanum og kanna hvers konar kynfæri þær eru með. Algengt er að kyn karlkyns dúkku sé táknað með kynfærum en kvenkyns dúkkur hafa engin kynfæri. Vert er að huga að þessu.

Síðan má nota stundir eins og við bleyjuskipti til að nefna og skoða líkamann og þá er rétt að nefna kynfæri barnanna réttum nöfnum jafnt og aðra líkamshluta þeirra.

Dagleg umönnun

Leikskólakennarar hafa haldið fram gegnum tíðina að dagleg umönnun barna skiptir máli og henni á að gera hátt undir höfði í uppeldi og menntun þeirra, enda hefur umönnun verið í öndvegi í íslenskum leikskólum frá upphafi. Rannsóknir (Shore, 1997) á heila barna styðja þetta.

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (1999:17) segir um daglegt líf í leikskóla: „Daglegt líf í leikskóla markast af föstum athöfnum [...] Í skipulagi leikskólastarfs þarf að ríkja jafnvægi á milli mismunandi þátta, [...]“

Í daglegu starfi gefast mörg tækifæri til að örva hina ýmsu skynjunarþætti um leið og umönnunarþættinum er sinnt. Auk leiksins felast stoðir leikskólastarfsins í trausti, hlýju og umhyggju. Umönnun felur í sér gerðir, tilfinningu og viðhorf (Broström, 2003). Umhyggja í leikskóla felur í sér uppeldi og kennslu, leikskólakennarinn sinnir þörfum og væntingum barnanna og sýnir þeim athygli, með það að markmiði að leiða þau áfram á þroskabrautinni.

Sjálfsmyndin

Langtímarannsóknir hafa meðal annars sýnt fram á að börn sem fá ónóga umönnun fyrstu þrjú árin, bæði heima og í leikskóla, eru líklegri til að hætta í skóla síðar meir en þau sem fengu góða umönnun og örvun (Shore, 1997).

Þarna leikur virðingin fyrir sjálfstæðistilraunum barnsins stórt hlutverk, til dæmis við að klæða sig sjálft þegar farið er út. Dewey (2000) hélt því fram að sjálfsmyndin yrði til í víxlverkan umhverfis og einstaklings, þar sem umhverfið gefur tækifæri til að öðlast margvíslega reynslu. Samskipti leikskólakennara og barns hafa áhrif á sjálfsmyndina, það er ekki sama hvernig talað er við barnið eða til þess. Goldstein (2002) heldur því fram að viðmótið sé það sem skiptir máli.



Sjálfs hjálp og sam hjálp

Fram kom hjá leikskólakennurinum að ef börnin fengu frið en stuðning hinna fullorðnu voru þau fær um að leysa úr deilum og ágreiningi. „Stelpan var að leika með kubba þegar önnur kom og tók þá af henni. Fyrir stelpun var ekki sátt og fór að gráta, sú sem tók kubbana af henni fylgdist með henni út undan sér smá stund en stóð svo upp og lét hana hafa nokkra kubba og úr varð þessi

fini leikur hjá þeim“.

Þetta dæmi sýnir að leikskólakennarinn þarf að vera meðvitaður um að draga sig í hlé þegar það á við, en vera samt til staðar. Þannig er stutt við sjálfstæði barnanna um leið og þau öðlast ábyrgð og fá tækifæri til að sýna öðrum umhyggju.

Einstaklingsumhyggja

Umhyggja fyrir einstaklingi felur í sér leit að getu og færni hvers og eins og byggja þar ofan á. Einn þátttakandinn í verkefninu orðaði þetta svo: „það er svo yndislegt að sjá hvað þau blómstra þessar elskur þegar maður gefur sig að þeim sem einstaklingum“. Broström (2003) bendir á að umönnun felist í að veita einstaklingnum athygli og mæta þörfum hans. Þegar leikskólakennari sýnir barni athygli með það í huga að styðja við það og leiða það áfram, er hann um leið að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi samskipti.

Félagslegur og vitrænn þroski

Umönnun á stóran þátt í félagslegum- og vitrænum þroska barna. Samkvæmt Goldstein (2002) er umönnun grundvallarþáttur á leið til vitræns þroska, ekki er nóg að vita að umönnun hefur áhrif, það sem gert er skiptir öllu máli. Þegar staðið er frammi fyrir erfðum aðstæðum eða einstaklingi, getur verið erfitt að vera meðvitaður um viðbrögð sín og hugsa fram í tímann, en umhyggja krefst þolinmæði og úthalds og trúar á hið góða í barninu.

Gæði umönnunar

Gæði umönnunar hefur áhrif á alla þroskaþætti barnsins og skiptir sköpum fyrir áframhaldið. Þættir sem teljast vera merki um gæðaumönnun eru:

- litlir hópar barna,
- stöðugleiki í starfsmannahópnum,
- hátt menntunarstig starfsfólks,
- jákvæð samskipti og inn grip ásamt mikilli örvun af hálfu leikskólakennarans.

Það telst bera vott um hátt gæðastig þegar leikskólakennarinn hvetur börnin til samskipta, spyr spurninga og talar við börnin á jákvæðan hátt (Sklay, Tran, Weinraub og Harmon, 2005).

Dagskipulag

Leikskólakennarinn þarf að vera meðvitaður um mikilvægi þess að nýta hinar ýmsu stundir dagsins, til dæmis bleyjuskiptastundir og matartíma, til að örva og styðja við þroska barnsins.

Matartímar

Við matarborðið er bæði verið að stuðla að góðum borðsiðum um leið og æfðar eru til dæmis fínhyfingar og samhæfing. Áriðandi er að virða sjálfstæðistilraunir barnsins þegar það fer að æfa sig, til að mynda við að skammta sér sjálft. Litlar vatnskönnur sem

barnið veldur auðvelda því að hella í glasið sitt. Markmiðið er að barnið ráði sjálft yfir þörfum sínum og eigin líkama á allan hátt.

Bleyjuskripti

Hjá Goldschmied og Jackson (1994) kemur fram að umönnun fyrir eigin líkama svo sem hreinlæti er liður í því að líða vel með sjálfan sig. Við bleyjuskriptastundir gefst tækifæri til að mynda tengsl við börn sem einstaklinga.

Það er liður í þroska barnsins að mega „skíta“ sig út, til dæmis í leik með sand og vatn, leir og málningu, svo eitthvað sé nefnt. Þannig gerir barnið tilraunir og fær ákveðna niðurstöðu sem hinn fullorðni hjálpar barninu að vinna úr. Börnin þurfa að fá að prófa sig áfram, spreyta sig, gera mistök og reyna aftur. Þekking sem byggist á því að prófa sig áfram hefur dýpri merkingu en þekking sem fengin er frá öðrum.

Þátttaka foreldra

Leikskólakennarar hafa um ýmsar leiðir að velja til að kynnast sérhverju barni betur og ekki síður til að gera foreldra að virkum þátttakendum í lífinu í leikskólanum. Hér eru dæmi um nokkrar:

- Taka myndir af barninu í leik og ræða við foreldrana um hvað þau halda að barnið sé að fást við. Þetta gefur foreldrum tækifæri til að fá innsýn í líf barnsins í leikskólanum.
- Þegar eitthvað gengur ekki nógu vel getur verið gott að fá álit og tillögur foreldra um hvernig best sé að taka á málinu, til dæmis með upplýsingum um það hvernig tekið er á svipuðum aðstæðum heima.
- Þegar hengdar eru upp myndir barna eða myndir af börnum, sem eiga eftir að koma fyrir augu margra, er ekki úr vegi að hafa foreldra með í ráðum.
- Halda umræðufundi þar sem foreldrar og leikskólakennarar ræða saman um eitthvert ákveðið efni sem snýr að starfinu í leikskólanum.
- Samstarfsverkefni milli foreldra og leikskóla. Fyrir sumarfrí mætti til dæmis senda litla kassa (skókassa) með heim og biðja foreldra um að aðstoða barnið við að safna saman minningum úr sumarfríinu. Að hausti er svo hægt að vinna úr efninu í kössunum og rifja upp með frásögnum. Þannig læra börnin til dæmis að nota tungumálið, um leið og kennarinn og hin börnin fá tækifæri til að skyggnast inn heim annarra barna. Þetta er leið til að auka sjálfsöryggi og sérstöðu hvers og eins. Foreldrar og leikskólakennari fá auk þess tækifæri til að kynnast barninu nánar með því til að mynda að veita athygli hverju barnið tók sérstaklega eftir í sumarfríinu.
- Foreldrakvöld þar sem foreldrum gefst kostur á að fást við það sama og börnin þeirra. Með því að taka myndir af foreldrum að fást við hin ýmsu verkefni og hengja þær upp í leikskólanum, fá börnin sýnilega tengingu við eigin veruleika.

Virðing

Umhyggja og umönnun snýst um að sýna virðingu fyrir þörfum og væntingum hvers og eins. Í því tilviki sem og víðar í leikskólastarfinu er það viðhorf leikskólakennarans til barnæskunnar sem ræður ferðinni.

Máltaka

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (1999:20) segir um málrækt: „Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Sameiginlegt tungumál – móðurmál – tengir fólk saman og eflir samkennd þess.[...] Málörvun á að flétta inn í sem flesta þætti leikskólastarfsins. [...] ótal (aðrar) stundir í dagsins önn eru vel fallnar til málörvunar.“

Samkvæmt þessu notar leikskólakennarinn fjölbreyttar leiðir í samskiptum við hvert einstakt barn í hópnum, allt eftir persónuleika þess og því hvar í málþroska það er statt (Brodin og Hylander, 1997).

Fjölbreytt málnotkun

Langtímarannsóknir Wells (1985), (sjá meðal annars í Goldschmied og Jackson, 1994), sýna fram á að það sem hefur mest áhrif á málþroska barna eru viðbrögð hinna fullorðnu í umhverfi þeirra. Barn sem fær til dæmis viðbrögð við babli sínu og bendingum þannig að fullorðinn setur orð á hluti, er fyrr til að ná tökum á tungumálinu en barn sem annað hvort fær ekki viðbrögð eða talað er við á barnamáli.

Þátttakendur í verkefninu sögðust leggja áherslu á mikilvægi þess að tala fjölbreytt mál við börnin. Gefa hverju barni tíma og rými til að æfa sig í að „hlusta - tala“, og eiga almennt í samskiptum við hinar ýmsu athafnir í leikskólastarfinu. Þeir bentu einnig á að í íslenskri málnotkun í dag er búið að afmynda merkingu sumra orða, eins og orðsins „ógeðslegt“ sem börnin læra sem tákni um eitthvað vont en heyra það síðan notað yfir góða hluti. Þetta þurfa leikskólakennarar að hafa í huga í vinnu með ungum börnum sem eru að stíga sín fyrstu skref í að tengja hugtök og merkingu saman.

Þá var bent á nauðsyn þess að kennari orði athafnir sínar í leikskólastarfi með ungum börnum. Áhersla var líka lögð á mikilvægi þess að finna nýjan flöt á umræðu við börnin og ekki síst að vera vakandi við að sinna spurningum barnanna.



Biðja og spyrja

Bent var á þýðingu þess að börnunum sé kennt að biðja félaga sína um eitthvað, til dæmis að aðstoða sig og ekki síður að þau læri að spyrja.

Texti og hugtök

Í þeim leikskóla sem skoðaði máltöku barna sérstaklega var unnið með sömu bók í eina viku, hún lesin og texti og innihald hennar notað í daglegu starfi leikskólans. Sem dæmi

má nefna notkun hugtaks eins og „raunamæddur“ yfir líðan barnanna sjálfra. Með þessu er bókartexti færður yfir til daglegs máls.

Merkja hluti

Til að auðga orðaforða barnsins er mikilvægt að nefna hluti og athafnir sínum réttu nöfnum um leið og barnið handleikur hlutina eða um leið og eitthvað er gert. Þegar barnið reynir að móta orð, þarf að endurtaka orðin rétt án þess að setja ofan í við barnið. Tungumálið lærist nefnilega með endurtekningum eins og allt annað.

Þátttakendur bentu á að gott væri að skrifa heiti hlutar á hann eins og til dæmis á stól og borð. Þá mætti skrifa nafn barna við ljósmyndir af þeim o.s.frv. Enn fremur merkja dýurnar sem börnin sofa/hvílast á með nafni og mynd af barninu sofandi. Með merkingum og myndum fær barnið þá tilfinningu að það tilheyri ákveðnum hóp en sé um leið einstakt og sérstakt.

Tónn og raddblær

Rannsóknir sýna að orðin ein og sér koma 10% skilaboða áleiðis, tónninn eða raddblærinn 35% og líkamstjáningin og svipbrigðin 55% (Gossen, 1996). Af þessu má ljóst vera að kennarinn þarf að vera meðvitaður um hvernig hann kemur skilaboðum frá sér, að það sé samræmi í því sem sagt er og hvernig það er sagt.



Tákn með tali

Fram kom hjá þátttakendum að góð reynsla væri af því að nota tákn með tali samhliða málinu.


Tónlist

Tónlist og söngur hjálpa barninu einnig í mótun og þróun málþroskans. Þar er endurtekningin ekki síður mikilvæg. Börn njóta þess að hreyfa sig í takt og það þarf að bjóða þeim upp á fjölbreytta tónlist.

Myndaalbúm

Gott er að taka ljósmyndir af daglegu starfi leikskólans og setja í albúm. Það er bæði hægt að lesa líkt og venjulega bók en einnig er hægt að fjalla nánar um einstaka ljósmynd í senn.

Myndir af hinum ýmsu athöfnum geta hjálpað til við að læra. Til dæmis má hengja upp myndir af barni að þvo sér inni á snyrtingu, myndir af barni að klæða sig upp í fataherbergi, svo eitthvað sé nefnt.



Ljósmyndir

Ljósmyndir geta gefið fjölbreytta möguleika til að efla málþroska barna. Til dæmis má taka ljósmyndir í gönguferðum barnanna, prenta þær út og rifja svo ferðina upp með því að börnin raða myndunum í tímaröð. Einnig geta börnin valið úr myndunum það sem þeim fannst merkilegast, skemmtilegast, skrítnast o.s.frv. Í framhaldinu má svo ræða hvað réði vali hvers barns.

Myndabingó

Myndabingó er gott að nota til málörvunar, bæði er hægt að nota hefðbundin myndabingó en heimatilbúin myndabingó reynast ekki síður vel. Til dæmis með ljósmyndum af hlutum úr leikskólastarfinu, eða þá myndum af börnunum sjálfum og fjölskyldum þeirra.

Myndbandsupptökur

Í einum leikskólanum sem þátt tók reyndist vel að nota myndbandsupptökur af börnunum til að nota sem umræðugrundvöll. Börnin horfðu á sig í sjónvarpinu og ræddu um það á eftir.

Hreyfileikir

Hreyfileikir eru góð leið til að efla málþroska, leikir eins og „höfuð, herðar, hné og tær“ og fleiri þekktir leikir af þessu tagi.



Pokasögur

Sá leikskóli sem skoðaði máltökuna sérstaklega útbjó og vann með frásagnir í þrívídd. Útbúinn var lítill taupoki með viðeigandi hlutum; til að mynda þrír bangsar í poka í sögunni um Gullbrá og bangsana þrjá. Þegar sagan var sögð voru viðeigandi hlutir dregnir upp úr pokanum allt eftir því sem á leið frásögnina. Reyndist þetta mjög vel.

Veiðispil með ljósmyndum

Sá leikskóli sem vann sérstaklega með málörvunina útbjó veiðispil með ljósmyndum af hlutum úr leikskólastarfinu, leikföngum og fleiru og líka ljósmyndum af börnunum. Góð reynsla var af þessu og börnin höfðu mikinn áhuga á að spila en sýndu þó ljósmyndunum af börnunum mestan áhuga.

Söngur, ljóð, þulur og rím

Þátttakendur í verkefninu lögðu áherslu á mikilvægi þess að syngja með börnunum, lesa ljóð fyrir þau og fara með þulur. Ekki síður að ríma bæði á formlegan og óformlegan hátt.

Loðtöflur

Loðtöflur eru sígild leið til að nota við efningu málproska barna, þær má til að mynda búa til út frá sögubók, ævintýrum og raunveruleika barnanna sjálfra.

Námsumhverfi

Út frá sjónarhorni menntunar er mikilvægt að skilja með hvaða hætti barn nýtir sér það sem umhverfi þess býður upp á og ekki síður hvernig útbúa má umhverfið þannig að það nýtist barninu sem best. Vecchi (1999:133) segir: „Börn eiga rétt á að þroskast í umhverfi sem er fallegt og skólinn á ekki að vera undantekning frá því“. Þar af leiðir að nauðsynlegt er að leikskólakennari leggi rækt og tíma í að móta námsumhverfi leikskólans.

Innra og ytra rýma

Í hugmyndafræði leikskóla sem kennd hefur verið Reggio Emilia á Ítalíu, er því haldið fram að í leikskóla móti þrír kennarar barnið; leikskólakennarinn, barnið sjálft og umhverfið. Umhverfið verður því að virka hvetjandi á sköpunargáfu og samskipti barnanna (Malaguzzi, 1998; Guðrún Alda, 2001).



Dæmi um tengingu innra og ytra umhverfis leikskóla getur verið að nota glugga til að vinna með ljós, skugga og árstíðir. Lítil börn eru upptekin af sínu nánasta umhverfi. Starfsfólk þess leikskóla sem sérstaklega vann með umhverfisþátt verkefnisins sagði: „Börnin komu auga á tunglið og veltu fyrir sér hvað þetta væri. Á hverjum morgni fylgdumst við

með hvernig tunglið breyttist og börnin spurðu og ræddu um það sín á milli“. „Í gegnum gluggann fylgdust börnin með krumma sem flaug hjá og krunkaði, þetta varð tilefni margra umræðna um krumma, hvað hann gerði, hvað hann borðaði o.s.frv. Úti á leikvellinum fylgdust börnin einnig með krumma“.

Þá kom fram hjá leikskólakennurunum að mikilvægt er að hafa hita í gólfi leikskóla sökum þess að ung börn eru mikið niður við gólf í leik sínum.

Aðgengi barnanna

Leikskólakennararnir sögðu enn fremur að með greiðu aðgengi að efnivið og öðrum þáttum daglegs lífs, væri verið að ýta undir og styðja við sjálfsbjargarviðleitni barnanna. Þetta á til dæmis við um snaga í fataherbergjum, þeir þurfa að vera nægilega neðarlega til að börnin geti sjálf sótt sér föt og hengt þau upp aftur. Viðhorf hinna fullorðnu til barnæskunnar endurspeglast í því hvernig umhverfi barnanna er skipulagt og þeim efnivið sem í boði er.

Í einum leikskólanna tóku börnin virkan þátt í bleyjuskriptum, tóku sjálf af sér bleyjuna og hentu í þar til gert ílát ef því var að skipta.



Speglar

Með það að leiðarljósi að hver einstaklingur þroskast á sínum forsendum, verða kennarar að beina sjónum sínum að þroska og þróunarferli hvers og eins. Speglar í ýmsum stærðum og formum, sem komið er fyrir víða, eru ekki bara skemmtilegt leikefni, heldur hjálpa þeir barninu við að styrkja og móta sjálfsmynd sína.

Skynjun

Í umhverfi barnsins er að finna margvísleg eiginleg og óeiginleg verkfæri sem það getur unnið með. Þar má nefna rými, ljós, liti, efnivið, hljóð og lykt. Þessi verkfæri geta stýrt



og mótað skynjun barnsins og hafa án efa, áhrif á skynjun, líðan og hegðun barnsins og þar með á lærdóms- og þroskaferil þess. Leikskólakennarinn ber ábyrgð á að skapa aðstæður í leikskólaumhverfinu. Hann getur búið til mismunandi svæði með hillum og skilrúmunum sem gefur bæði fullorðnum og börnum tækifæri til að upplifa, rannsaka og gera tilraunir sem er grundvöllur þess að læra.

Náttúran er líka endalaus uppspretta skynjunar og leikja. Hvaðan kemur regnið? Hvernig lyktar snjórinn? Hvernig er grasið viðkomu? Hver árstíð býður upp á leiki og nám.

Rými til athafna

Börn læra gegnum leik og í víxlverkun umhverfis og þeirra sjálfra, því þarf að gera ráð fyrir að hvert barn þurfi rými til athafna og hreyfingar. Umhverfið þarf að vera síbreytilegt og bjóða upp á marga valkosti, með áherslu á gott rými sem er hvetjandi til sköpunar og samskipta. Opinn efniviður hentar vel fyrir börn til að kanna heiminn, spyrja spurninga og tjá sig um þann heim sem þau eru að læra á og uppgötva. Opinn efniviður hjálpar öll skynfæri.



Þekkingarleit

Námsvænt umhverfi hjálpar barninu á vegferð þess við að uppgötva heiminn. Mikilvægt er að bæði innra og ytra umhverfi styðji við tilraunir og þekkingarleit barnsins. Þannig verða að vera tengsl milli stuðnings við vitsmunalega uppbyggingu og þess að bjóða upp á margbreytileg tækifæri við þekkingarleit.

Umhverfið á að vera búið þeim efnivið sem á við hvert þroska- og aldurstig, en vera jafnframt ögrandi. Efniviðurinn á að vera öruggur, aldursviðmiðaður, án eitrefna, ögrandi og lokkandi þannig að barnið langi að gera tilraunir og framkvæma.



Ljósmyndir

Eins og fram hefur komið geta ljósmyndir af börnum við nám og starf, sem hafðar eru í hæð barnanna, verið uppspretta umræðna og samskipta milli barna og ekki síður milli barna og fullorðinna. Ljósmyndir má líka nota til að merkja hluti og svæði. Í einum leikskólanum eru ljósmyndir úr umhverfi barnsins notaðar til að þjálfra málþroska og myndun hugtaka.

Frelsi

Í aga felst frelsi, sá sem er agaður er frjáls, hélt Dewey (2000) fram. Þegar efniviðurinn er sýnilegur og aðgengilegur geta börnin nýtt hann á þann hátt sem hentar þeim í hvert sinn. Aðgengilegur efniviður sem hvetur til tilrauna og uppgötvana heldur áhuga barnanna fönnum. Með spurningum og athugasemdum styður kennarinn við barnið og forvitni þess. Hann aðstoðar barnið við að koma gerðum sínum og hugsunum í orð og deila þeim með hópnum. Um leið hvetur hann til samskipta og styður við lýðræðið.

Skilaboð rýmisins

Rýmið gefur ákveðin skilaboð um stöðu og vald, hvers er ætlast til af þér og hvers ekki. Aðgengilegur efniviður og námstæki ýta undir sjálfstæði og sjálfshjálp barnanna. Í þessu sambandi skiptir staðsetning efniviðarins máli. Mikilvægt að skipting rýmisins sé meðvituð; hvað er við hliðina á hverju. Getu börnin farið á milli rýma með efniviðinn? Börnin þurfa að geta æft færni sína hvert á sínum forsendum.



Skógarferðir

Leikskólinn sem skoðaði umhverfið fór í skógarferðir með börnunum. Markmiðið var að æfa undirstöðupætti í útlífi og lengri ferðum. Mörg skemmtileg verkefni geta sprottið upp í slíkum ferðum. Sem dæmi má veita umhverfinu sérstaka athygli og læra að þekkja kennileiti og örnefni, skoða skordýrin, gefa fuglum og öðrum dýrum, grafa „fjár sjóði“ úr

jörðu, grafa ýmsan efnivið í jörðu og fylgjast með margs konar ferli í náttúrinni. Þá má safna rusli og flokka, safna ýmsum efnivið úr náttúrunni og vinna með í listsköpun. Auk þess biður náttúran og ferðir út í náttúruna upp á ótal möguleika til leikja.

Rými hinna fullorðnu

Foreldrar þurfa að upplifa að þeir séu velkomnir í leikskólann og því þarf að skapa aðstæður fyrir þá til að geta komið inn í skólann, til dæmis einhvers konar samskiptatorg eins og nefnt hefur verið hér að framan.

Mikilvægt er að vinnuaðstaða hinna fullorðnu sé ekki síðri en barnanna. Það kom fram í leikskólanum sem kynnti sér umhverfið sérstaklega að áriðandi væri að búa vel að kennurum, þannig að þeir hafi góða vinnuaðstöðu og aðstöðu til félagslegra samskipta.

Að lokum

Verkefnið „Lengi býr að fyrstu gerð“, var samstarfsverkefni fjögurra leikskóla og Háskólans á Akureyri. Við sem að þessu verkefni stóðum vonumst til að það vekti athygli á því hvað 1 – 3ja ára börn eru hæfileikarík og hversu mikið nám fer fram í leikskólastarfi með yngstu börnunum.

Eins og áður segir er kennsluleiðbeiningunum ekki ætlað að vera forskrift. Þær eru miklu heldur hugsaðar sem stuðningur fyrir leikskólakennara í að útfæra eigin hugmyndir og vonandi uppspretta að fleiri verkefnum og hugmyndum.

Markmið verkefnisins var að varpa ljósi á þær starfsaðferðir sem leikskólakennarar beita í starfi sínu með yngstu börnunum og teljum við að það markmið hafi náðst. Með skráningum á námi og starfi yngstu barnanna hafa verið sett orð á það sem stundum hefur verið kalla þögnul þekking.

Skráningarnar sem söfnuðust leiddu í ljós að mikið og öflugt starf fer fram meðal yngstu barna leikskólanna og er það vel.

Að vinna með leikskólum í tveimur landshlutum getur virst snúið en með aðstoð tækninnar reyndist svo ekki vera. Leikskólakennararnir voru tilbúnir að læra á nýja tækni til að koma hugmyndum sínum og skráningum úr starfi barnanna á framfæri. Oft spruttu líka fram skemmtilegar umræður milli þátttakenda.

Þátttaka í þróunarstarfi lætur engan ósnortinn, allir læra eitthvað og þannig á það að vera, hver og einn lærir á sínum forsendum.

Heimilda- og bókalisti

- Aamlid, Kristi. (1985). *Språkstimulering i barnehagen for barn i alderen 0-3år*. Kaupmannahöfn: Reitzel.
- Aðalnámskrá leikskóla*. (1999). Menntamálaráðuneytið: Reykjavík.
- Anna Margrét Ólafsdóttir og María Heiðdal. (1982). *Ungbarnið. Um þroska og umönnun barna fyrstu tvö æviárin*. Reykjavík: Iðunn.
- Armstrong, Thomas. (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni*. (Erla Kristjánsdóttir, þýddi). Reykjavík: JPV útgáfa.
- Belsky, Jay. (1988). They Effects' of Infant Day Care Reconsidered. *Early Childhood Research Quarterly*, 3 235-272.
- Berghildur Erla Bernharðsdóttir. (2002). Eru börn afgangstærð: agi og hreyfing. *Uppeldi*, 15, 1:34-37.
- Bloom, Paul. (2000). *How children learn the meanings of words*. Cambridge: MA:MIT Press.
- Brodin, Marianne og Ingrid Hylander. (1999). *Att bli sig själv. Daniel Sterns teori i förskolans vardag*. Stokkhólmur: LiberAB.
- Broström, Stig. (2003). Unity of Care, Teaching and Upbringing – A theoretical contribution towards a new paradigm in early childhood education. Í M.Karlsson-Lohmander (Ritstjóri) *Researching Early Childhood*. (bls. 21-37). Gautaborg: Göteborgs University.
- Ceppi, Giulio og Michele Zini (Ritstjórar). (1999). *Children, spaces, relations – metaproject for an environment for young children*. Milánó: Domus Academy Research Center.
- Damon, William. (1988). *The Moral Child. Nurturing Childrens Natural Moral Growth*. New York: The Free Press.
- de Jong, Mijke. (1998). Play space for boys and girls in a day care centre. Flutt á ráðstefnunni *Congress of the Nordic society for educational research* í Lahti í Finnlandi. (bls. 2-20)
- Dewey, John. (2000). *Reynsla og menntun*. (Gunnar Jóhannsson, þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega kom bókin út 1938).

- Diderichsen, Birgitte. (1977). *Den 0-3årige samfundsborger: Om barnets første personlighedsudvikling i det moderne samfund*. Kaupmannahöfn.
- Gandini, Lella og Carolyn Pope Edwards (Ritstjórar). (2001). Introduction, (bls 1-12). *Bambini. The Italian Approach to Infant/Toddler Care*. New York: Teachers College Press.
- Gandini, Lella og Gabri Magrini. (2001). Inclusion: Dario's story, (bls. 152-163). *Bambini. The Italian Approach to Infant/Toddler Care*. (Ritstjórar: Lella Gandini og Carolyn Pope Edwards). New York: Teachers College Press.
- Goldschmied, Elinor og Sonia Jackson. (1994). *People under three. Young children in day care*. London: Routledge.
- Goldstein, Lisa. S. (2002). *Reclaiming Caring in Teaching and Teacher Education*. New York: Peter Lang.
- Gossen, Diane. (2002). *Uppeldi til ábyrgðar: ólíkar leiðir: spurt og svarað: uppbyggingarþríhornið*. (Magni Hjálmarsson þýddi). Reykjavík: Sunnuhvoll.
- Guðný Rut Ísaksen. (1998). Geðtengsl. *Athöfn*, 30,1:16-17
- Guðrún Alda Harðardóttir. (2001). *Í leikskóla lífsins*. Akureyri: Textasmiðjan.
- Guðrún Alda Harðardóttir. (2002). Að líta gagnrýnum augum á sig og sína stétt. *Röggur* 4,1:2-12 <http://vefir.unak.is/roggur/Roggur%20tbl4ar.pdf>
- Guðrún Alda Harðardóttir. (2005). Kyngervi í leikskóla. *Rannsóknir í félagsvísindum VI. félagsvísindadeild*. (Ritstjóri Úlfar Hauksson) Reykjavík: Háskólaútgáfan. (bls. 673-682).
- Jones, Maggie. (1993). *Leikir og leikföng fyrir börn frá fæðingu til fimm ára aldurs*. (Álfheiður Kjartansdóttir þýddi). Reykjavík: Mál og menning.
- Kjellander, Malin. (1999). Forskande ettåringar. Miljö och material. *Modern barndom*,3:22-23
- Kolbrún Vigfúsdóttir. (2004). *Staða - framfarir - framhald*. Reykjavík: Höfundur. <http://rannsokn.khi.is/upplýsingavefur/pdf/leik2003/Stada-framfarir-framhald.pdf#search=%22kolbr%C3%BAAn%20vigf%C3%BAsd%C3%B3ttir%22>

- Kristín Dýrfjörð. (2001). Gaggala Tutti. Traust sem námskrá - óskastarf á yngstu deild. *Röggur* 3, 3:2-8. <http://vefir.unak.is/roggur/roggur%203tb3arg.pdf>
- Kristín Dýrfjörð. (2003). Starf með yngstu börnunum. *Röggur*, 5,1:18-25 <http://vefir.unak.is/roggur/Roggur%201tbl%205arg.pdf>
- Lindahl, Marita. (1996). *Inläring och erfارande. Ettåringas möte med förskolans värld*. Gautaborg: ACTA Universitatis Gothoburgensis. (Doktorsritgerð).
- Lindahl, Marita. (1998). *Lärande småbarn*. Lund: Studentlitteratur.
- Lindahl, Marita. (1999). *Lärende småbarn*. (Arne Solli þýddi á norsku) Osló: Pedagogisk Forum.
- Mahler, Margaret, Fred Pine og Anni Bergman. (1975). *The psychological birth of the human infant: symbiosis and individuation*. New York: Basic Books
- Mahler, Margaret, Fred Pine og Anni Bergman. (1984). *Barnets psykiska födelse: Symbios och individuation*. (Ingaborg Löfgren þýddi á sænsku). Stokkhólmur: Natur och Kultur.
- Mahler, Margaret, Fred Pine og Anni Bergman. (1988). *Barnets psykiske fødsel: symbiose og individuation*. (Poul W. Perch þýddi á dönsku). Kaupmannahöfn: Reitzel.
- Malaguzzi, Loris. (1998). History, Ideas, and Basic Philosophy. An Interview with Lella Gandini. (bls. 49-97). *The Hundred Languages of Children. The Reggio Emilia Approach – Advanced Reflections*. (Ritstjórar: C. Edwards, L. Gandini og G. Forman). Greenwich: Ablex Publishing.
- Manning-Morton, Julia og Maggie Thorp. (2003). *Key times for play. The first years*. Maidenhead: Open University Press.
- Månsson, Annika. (2000). *Möten som formar. Interaktionsmönster på förskola mellan pedagoger och de yngsta barnen i ett genusperspektiv*. Malmö: Institutionen för pedagogik Lärarhögskolan i Malmö. (Doktorsritgerð).
- Musatti, Tullia og Susanna Mayer. (2001). Knowing and learning in an educational context. (bls. 167-180). *Bambini. The Italian Approach to Infant/Toddler Care*. (Ritstjórar: Lella Gandini og Carolyn Pope Edwards). New York: Teachers College Press.
- Sesselja Hauksdóttir. (2001). „É sjáll!“ *Sjálfræði barna í leikskóla*. (Meistaraprófsverkefni við Kennaraháskóla Íslands. Reykjavík).

- Shore, Rima. (1997). *Rethinking the brain. New insights into early development*. New York: Families and work institute.
- Sklay, Anne B., Henry Tran, Marsha Weinraub og Michelle Harmon. (2005). Teasing apart the child care conundrum: A factorial survey analysis of perceptions of child care quality, fair market price and willingness to pay by low-income, African American parents. *Early Childhood Research Quarterly*, 20 (2005) (bls. 393-416).
- Sidenius, Bente. (1983). *Vuggestuebörn, barnet fra 0-3 år*. Kaupmannahöfn: Reitzel.
- Signý Einarsdóttir. (2001). Málörvun í leikskólum. *Athöfn*. 33,1:26-28
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2000). Nokkur orð um máltöku barna. *Uppeldi* 13,3:30-33
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2002). Hljóðþróun í máltöku barna. *Talfræðingurinn* 16,1:6-10
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2004). „Mamma verpa egg!“ Setningarmyndun ungra barna. *Talfræðingurinn* 18,1:8-11
- Sigríður Síta Pétursdóttir. (2002). Leikskólinn minn, þar sem ævintýrin gerast. *Röggur* 4,1:13-24 <http://vefir.unak.is/roggur/Roggur%20ltbl4ar.pdf>
- Sigríður Síta Pétursdóttir. (2004). „Það þarf að koma frá hjartanu.“ Háskólinn á Akureyri. (Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnisins Lífsleikni í leikskóla 2001-2004).
- Stern, Daniel. (1997). *The first relationship. Infant and Mother*. Cambridge: Harvard University Press.
- Wells, Gordon. (1999). *The meaning makers : children learning language and using language to learn* . London : Hodder and Stoughton.
- Westmark, Peter. (2002). Relationskompetence – et didaktisk perspektiv. Í P. K. Johansen (ritstj.) *Psykologisk Pædagogisk Rådgivning*, 39, 4, ágúst, 2002. (bls. 332-344). Kaupmannahöfn: Psykologisk Forlag A/S
- Winnicott, Donald, Woods. (1984). *Playing and reality*. New York: Tavistock Publications.

Greinar í danska fagtímaritinu *BUPL*, um leikskólakennarann, aðferðarfræði, hugmyndafræði, foreldrasamstarf og fleira.

[http://www.bupl.dk/web/internet.nsf/\(DokOversigt\)/70B4D845F9714CA8C1256E15003EEE60!OpenDocument](http://www.bupl.dk/web/internet.nsf/(DokOversigt)/70B4D845F9714CA8C1256E15003EEE60!OpenDocument)

Tímaritið *Modern barndom*. Reggio Emilia Institutet co/Lärrhögskolan Box 34203, 100 26 Stockholm. info@reggioemila.se www.reggioemilia.se

Förskolans pedagogiska rum – med plats för alla sinnen. (2004). Nr. 6 – Temaserie från tidningen förskolan. Lärarförbundets förlag.

Børn i Europa, fag og mangfoldighed. Nr. 6, febrúar 2004. TEMA: At balancere på silketråde. Reggio Emilias vuggestuer og børnehaver.

Børn i Europa, fag og mangfoldighed. Nr.8, maí 2005. TEMA: At skabe plads og rum: arkitektur og design for børn i bøneinstitutioner.

[http://www.bupl.dk/web/internet.nsf/3a4987563758994ac1256c000025298b/360693e9ab36d276c1257011002ce7f0/\\$FILE/_a8adn4rh0d4g4atbidto6283ee8_.%208.pdf](http://www.bupl.dk/web/internet.nsf/3a4987563758994ac1256c000025298b/360693e9ab36d276c1257011002ce7f0/$FILE/_a8adn4rh0d4g4atbidto6283ee8_.%208.pdf)

Matematik, teknikk och naturvetenskap – teori och praktik i förskolan. 2002. Nr. 4 – Temaserie från tidningen förskolan. Lärarförbundets förlag.

Utomhuspedagogik – i förskola och förskoleklass. 2005. Nr. 7 – Temaserie från tidningen förskolan. Lärarförbundets förlag.

Vägar till språket – teori och praktik i förskolan. 2003. Nr. 5 – Temaserie från tidningen förskolan. Lärarförbundets förlag.